

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 130/209
komudagur 20.11.2003



19.nóvember 2003

Efni: Umsögn SVÞ um frumvarp til laga um virðisaukaskatt, 6.mál, matvæli.

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu hafa yfirfarið tilvitnað frumvarp sem fela í sér lækkingu á lægra þrepi virðisaukaskatts úr 14% í 7%.

Reifun máls

Samtökin taka undir það að matvöruverð sé of hátt á Íslandi, en þau telja samt að brynna sé að leggja af vörugjöld á matvæli, sem á þessu ári munu nema um 1.400 milljónum króna, og að færa öll matvæli niður í eitt og sama virðisaukaskattþrep (hið lægra, nú 14%), en að lækka neðra skattþrepið að öðru óbreyttu í 7%. Því miður höfum við ekki heildarupplýsingar um þær fjárhæðir sem hlytust af þeim breytingum sem við mælum þarna með, þ.e.a.s. niðurfellingu vörugjalda (1.400 milljóna auk virðisaukaskatts) og færslu þeirra matvæla sem nú er greiddur 24,5% vsk. af í lægra skattþrepið. Víst er þó að þetta hefði veruleg áhrif á vöruverð og vísitölu neysluverðs, svo og á verðtryggðar skuldir. Sá ánægjulegi árangur hefur nú náðst, að

Varðandi 7% skattþrepið er rétt að nefna, að slíkur reginmunur á skattþrepum sem yrði með samþykkt frumvarpsins væri verulegur hvati til skattsvika þar sem aðstæður til þess væru fyrir hendi.


SVÞ benda á nýja greinargerð sem þau hafa tekið saman um áhrif vörugjalda og mismunandi virðisaukaskatts á matvæli, sem fylgja þessari umsögn. Þar má sjá áhrif skattumhverfis á smásöluverð þekktra matvöru tegunda á Íslandi og samanburð miðað við skattumhverfið í Danmörku og Svíþjóð.

SVÞ vekja sérstaklega athygli á því að virðisaukaskattur á matvörur er hvergi hærri en á Íslandi að því er vitað nema í Danmörku þar sem aðeins er eitt virðisaukaskattþrep og öll matvæli falli því undir það. Því sé vert að skoða jafnframt öðrum þáttum þessa máls hvort ekki sé hægt að lækka lægra virðisaukaskattþrepið úr 14% og t.d. í 12% eins og í Svíþjóð um leið og öll matvæli eru látin falla undir það óháð því hvort þau eru súr eða sæt, holl eða óholl. Nýleg dæmi sýna að löggjöf er afleit til neyslustýringar, sem SVÞ telja einnig utan verkahring löggjafans, en umfjöllun fjölmiðla að sama skapi áhrifarík. Þannig hefur sykurneyslu Íslendinga verið við brugðið (og offitu Dana sem áforma stofnun sérstaks sjúkrahúss fyrir slíkt fólk), en átak fjölmiðla og Latabæjar fyrir stuttu hafði merkjanleg áhrif á neyslu.

Niðurstaða

Það er niðurstaða SVP – Samtaka verslunar og þjónustu að mæla ekki með samþykkt frumvarpsins heldur með niðurfellingu vörugjalda á allar matvörur um leið og virðisaukaskattur á öll matvæli verði innheimtur samkvæmt einu 12% skattþrepi. Með þessu væri mikið létt á neyslukostnaði almennings, leiðrétt mismunun og aflétt misheppnaðri opinberri neyslustýringu.

Virðingarfyllst,



Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri

Ahrif skattumhverfis á smásöluverð hökkurra þekktra matvöruhegunda

Vöruflokkur	Vöruheiti	Skýring	SVÍPJÓÐ							Vsk.	Smásöluv.
			20%	23kr/l	24,50%	349	14 kr/l	25%	314		
Appelsínusafi	Rynkeby,orange	2 l	20%	23kr/l	24,50%	349	14 kr/l	25%	314	12%	242
	Brazzi	1 l		18kr/l	24,50%	145	14kr/l	25%	155	12%	119
Ostur	Dansk Feta	300 g	30%	450kr/kg	14%	299		25%	91	12%	82
Kaffi	Gevalia,rauður	500 g		35kr/kg	14%	345		25%	355	12%	318
	Bragakaffi	500 g		35kr/kg	14%	359		25%	366	12%	328
Kakó í heitt vatn	Swiss miss	283 g		50kr/kg	14%	319	171kr/kg	25%	404	12%	295
Kakó í kalda mjólk	Nesquick	800 g		50kr/kg	24,50%	599	171kr/kg	25%	724	12%	457
Vatn með kolsýru	Egils kristals spring	1 ltr		8kr/l	24,50%	169	14kr/l	25%	180	12%	141
Niðursoðnir ávextir	Del Monte	825 g		30kr/kg	14%	249		25%	260	12%	233
Frosnar pizzur	Freschetta	315 g		97kr/kg	14%	499		25%	491	12%	447
Frosið spergilkál	Dujarden	450 g	30%	14kr/kg	14%	239		25%	201	12%	180
Stráskykur	Dansukker	1 kg		30kr/kg	14%	115	171kr/kg	25%	348	12%	72
Súkkulaðikex	Mcvitie's/Lu Digestive	300 g		17kr/kg	24,50%	219	171kr/kg	25%	274	12%	174
	Frón súkkul. María	250 g		40kr/kg	24,50%	159	171kr/kg	25%	223	12%	139
Hreint súkkulaði	Cadbury's/Marabou	200 g		53kr/kg	24,50%	259	171kr/kg	25%	275	12%	205
	Nóa rjómasúkkulaði	300 g		50kr/kg	24,50%	319	171kr/kg	25%	375	12%	267
Kartöflusnakk, flögur	Maarud/Estrella	250 g	39%		14%	304		25%	211	12%	189
Kartöflusnakk, skrúfur	Maarud/Estrella	200 g	42%		14%	319		25%	248	12%	222
Frosinn ís, rjómaís	Nestlé, Mars	500 g	30%	110kr/kg	14%	429	41kr/kg	25%	524	12%	261
	Emmes	500 g	32%	11kr/kg	14%	439	41kr/kg	25%	508	12%	426
Frosnar franskar	Aviko Oven	1 kg	16%		14%	339		25%	211	12%	189
Sýróp	Tate & Lyle	1 kg		30kr/kg	14%	289	171kr/kg	25%	538	12%	242
Gosdrykkir	Coke Cola	1 l		8kr/l	24,50%	169	14kr/l	25%	180	12%	141

* Tollgengi 4.nóv.2003: 12,073

** Utan kvóta

SVP-Samtök verslunar og þjónustu í nóvember 2003